



2. fundur aðalstjórnar UMF. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 9. september 2015 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Hjalti Þorvarðarson (HÞ), Jóhann Helgi Konráðsson (JHK), Viktor S. Pálsson, (VSP), Karl Óskar Kristbjarnarson (KÓK) varamaður Þóru Þórarinsdóttur, Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Jón Birgir Guðmundsson (JBG) varamaður Lúðvíks Magnúsar Ólasonar, Þórdís Rákel Hansen (ÞRH), Sveinbjörn Másson (SM) varamaður Óskars Sigurðarsonar, Sigurbjörg Stefánsdóttir (SS) varamaður Sigríðar Runólfsdóttur, Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓAL) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðaði: Sverrir Einarsson.

Fjarverandi: Axel Sigurðsson.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 1. fundargerð aðalstjórnar frá 6. maí 2015 samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 2. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 20. maí 2015 til umræðu.
- 3. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 22. júní 2015 til umræðu.
- 4. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 2. september 2015 til umræðu.

3. Starfsemi deilda

- Fimleikar: Vetrarstarfið að fara í fullan gang og fjöldi iðkenda heldur meiri en undanfarin ár.
- Frjálsar: Starfið að fara af stað eftir líflegt starf í sumar. Ánægjulegt að frjálsíþróttakadema er komin af stað við FSu.
- Handbolti: Æfingar hafnar á fullum krafti hjá yngri flokkum. Meistaraflokkar hefja leik á næstu viku.
- Júdo: Vetrarstarfið hafið og þjálfarastöður fullmannaðar.
- Knattspyrna: Lokahóf yngri flokka 12. september og seinustu heimaleikir meistaraflokka. Lærdómsríkt sumar að baki og lokahófið verður 19. september. Frábær árangur hjá meistaraflokki kvenna.
- Sund: Vetrarstarfið komið vel af stað og ánægja með nýjan þjálfara.

- Taekwondo: Starfið komið vel af stað á Selfossi ásamt því að æfingar fyrir eldri iðkendur hefjast í október. Starfið á Hellu, Hvolsvelli og Þorlákshöfn fer af stað fljótlega.

4. Styrktarsjóðir

- Minnt var á að umsóknarfrestur í Verkefnasjóð HSK, Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ, Íþróttasjóð, Þjálfarastyrki ÍSÍ og Afrekskvennasjóð Íslandsbanka og ÍSÍ rennur út 1. október næstkomandi.

5. Tillaga um breytingu á reglugerð um Afreks- og styrktarsjóð Umf. Selfoss og Árborgar

- Nokkur umræða skapaðist um breytingar á reglugerð sem mæltust vel fyrir. Ákveðið að vísa umræðu til stjórna allra deilda Umf. Selfoss og afgreiðslu frestað til næsta fundar aðalstjórnar.

6. Erindi frá íþrótt- og menningarfulltrúi

- Óskað var eftir nánari upplýsingum frá Sveitarfélaginu Árborg til að allra hagsmuna sé gætt. Erindinu vísað til næsta fundar aðalstjórnar.

7. Endurnýjun á samningum við Sveitarfélagið Árborg

- Óskað hefur verið eftir viðræðum við sveitarfélagið um að taka við rekstri íþróttahúsa við Vallaskóla og Sunnulækjarskóla á Selfossi. Ef af rekstri íþróttahúsa verður þá þarf að endurskoða utanumhald á rekstri mannvirkjanna.
- Aðrir áherslupunktur félagsins í samningnum eru þjónustusamningur um starf félagsins annars vegar og afreksstefna félaganna hins vegar. Ljóst er að bæta þarf í afrekshluta þjónustusamningsins til að standa jafnfætir þeim sveitarfélögum sem við getum borið okkur saman við.
- Framkvæmdastjórn falið að vinna málið áfram með aðstoð allra þeirra aðila sem best þekkja til jafnt innan félagsins sem utan.

Fundi slitið klukkan 19:28.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 7. október 2015 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Fundir aðalstjórnar starfsárið 2015-2016:

Miðvikudaginn 4. nóvember 2015 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 2. desember 2015 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 3. febrúar 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 2. mars 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.